

Ályktun um uppbyggingu stóriðju á Grundartanga

Ársfundur Starfsgreinasambandsins haldinn á Selfossi 17. til 18. október 2002 skorar á stjórnvöld að leggjast með fullum þunga á árar til þess að tryggja framhald þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað hjá Norðuráli á Grundartanga undanfarin ár. Um leið er vakin athygli á mikilvægum þætti stóriðjufyrirtækja í uppbyggingu þróttmikils atvinnulífs, sem er undirstaða bættra kjara launþega og áframhaldandi uppbyggingar velferðarkerfisins.

Greinargerð

Hægt hefur mjög á efnahagslífinu síðastliðið ár eftir 5 ára samfelldan hagvöxt sem meðal annars leiddi til bættra kjara launþega. Það má hverjum manni vera ljóst að hagvexti fylgir ávinningur fyrir þjóðfélagið í heild.

Fundurinn lýsir yfir verulegum áhyggjum af vaxandi atvinnuleysi og skorar á stjórnvöld að gera það sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir stöðnun í efnahagslífinu. Stjórnvöld geta með góðum vilja og markvissum aðgerðum snúið þessari óheillaþróun við.

Fundurinn minnir á að þegar samið var um byggingu Norðuráls var gert mat á umhverfisáhrifum og gefið út starfsleyfi til 10 ára fyrir 180.000 tonna álframleiðslu. Fyrirtækið hefur nú 90.000 tonna framleiðslugetu og hefur ítrekað lýst áhuga á stækkun að gefnum ákveðnum forsendum. Þessi áhugi hefur legið fyrir síðan 1997 og lýsir fundurinn furðu sinni á því að nú meira en 5 árum síðar liggi ekki enn fyrir áætlun um hvernig mæta á orkuþörf fyrirtækisins. Vinnubrögð stjórnvalda eru að mati fundarins ámælisverð enda mætti ætla að ef undirbúningsvinna hefði verið með eðlilegum hætti væru framkvæmdir þegar hafnar og atvinnuleysi minna.

Sá pólitíski hráskilningsleikur stjórnámálanna, að tala tungum tveim, er með öllu óþolandi. Að lýsa yfir vilja til að greiða fyrir stækkun Norðuráls en gera síðan ekkert í því. Það má minna á að árið 1999 til 2000 var mikill samdráttur í afla íslenskra fiskiskipa. Á sama tíma er Norðurál að koma inn að fullum þunga í útflutningi. Hefði Norðuráls ekki notið við hefðu Íslendingar farið í gegnum djúpa efnahagslægð með tilheyrandi atvinnuleysi.

Norðurál á Grundartanga hefur frá stofnun verið eftirsóttur og fjölmennur vinnustaður og er einn af þeim stærstu hér á landi utan höfuðborgarsvæðisins. Þar starfa rösklega 200 manns í dag. Gert er ráð fyrir að þeim muni fjölga í 350 eftir næstu stækkun verksmiðjunnar í 180 þúsund tonna ársframleiðslu og í 450 starfsmenn við stækkun í 240.000 tonn. Þar að auki kaupir fyrirtækið þjónustu af fjölda verktaka og þjónustuaðila og hefur lagt sig fram um að versla við innlenda aðila ef þess er nokkur kostur. Þess má geta að höfnin á Grundartanga er nú þegar orðin næst stærsta inn og útflutningshöfn landsins.

Staðbundin áhrif á Vesturlandi þar sem 85% starfsmanna álversins búa eru mikil. Nýlega gáfu 8 sveitarstjórnir á Vesturlandi frá sér yfirlýsingu um að fyrirtækið gegni lykilhlutverki í þróun búsetu á svæðinu enda er þetta eitt af fáum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem fólki og störfum fjölgar verulega.

Sá háværi minnihluti, sem hefur undir merkjum umhverfisverndar, lagst í krossferð gegn virkjunum og álbræðslu, talar gjarnan um störf í áliðnaði í niðrandi tóni og flokkar þau sem annars flokks störf. Störf í álverum eru sérhæfð og krefjast sértækrar þjálfunar. Fjöldi starfsmanna býr yfir iðn- og tæknimenntun en einnig fer mikil starfsþjálfun fram á vinnustaðnum þannig að minna menntað fólk fær þar tækifæri til að sérhæfa sig og hækka þar með laun sín. Í gegnum tíðina hefur stóriðjan greitt há meðallaun miðað við flestar aðrar starfsgreinar. Árið 2001 greiddi Norðurál samtals um einn milljarð króna í laun og launatengd gjöld og voru meðallaun liðlega 300 þúsund krónur á mánuði á hvern starfsmann.

Ef áætlanir um stækkun Norðuráls ganga eftir má gera ráð fyrir því að árið 2009 hafi fyrirtækið fjárfest fyrir um 80 milljarða króna á Grundartanga, eða allt að 50 milljarða til viðbótar við það sem þegar hefur verið gert. Fjárfesting af slíkri stærðargráðu ásamt tilheyrandi virkjanaframkvæmdum hefði veruleg áhrif á hagvöxt, skattleysismörk, atvinnuástand, kjör launþega og möguleika ríkisins til að hækka bætur til þeirra sem minna mega sín.

Umhverfisvernd, virkjanir og stóriðja eiga samleið enda er skynsamleg notkun auðlinda nauðsynleg fyrir áframhaldandi hagsæld á Íslandi.

Sigurður H. Einarsson,
Formaður stóriðjudeildar,
Verkalýðsfélags á Akraness.